

## **Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 12. apríl 2022 klukkan 17:00.**

**Mættir:** Hjörtur Bergstað, Leifur Einar Arason, Íva Rut Viðarsdóttir, Þórunn Eggertsdóttir og Einar Gíslason.

### **1. Erindi frá Landsambandi hestamanna.**

Erindið snýr að því að fallið hefur verið frá því að halda þingið í Skagafirði í haust og af þeim sökum langar LH að kanna hvort Fákur geti tekið að sér að halda þingið í haust.

### **2. Tilnefningar til gullmerkis Fáks.**

Rætt eru tilnefningar til gullmerkis Fáks.

### **3. Svarbréf til lögmannsstofunnar LEX varðandi úthlutun lóðar við A-tröð.**

Fyrir liggja drög að svarbréfi til lögmannsstofunnar LEX vegna bréfs dagsettu 28. febrúar 2022.

Stjórn samþykkir svarbréfið.

### **4. Ráðning starfsmanns tímabundið frá apríl til júní.**

Upp er borin tillaga um að ráða starfsmann í hálfstarf frá apríl til 24. júní. Framundan er fjöldi viðburða og fyrirhuguð eru fjölmörg verkefni sem snúa að því að fegra svæðið. Kynnt er kostnaðaráætlun við verktöku.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu.

### **5. Úrtaka fyrir landsmót**

Kynnt er erindi fyrir stjórn varðandi það að hafa tvöfalda úrtöku fyrir landsmót 2022.

### **6. Fundur með frambjóðendum til borgarstjórnarkosninga 2022**

Verið er að skipuleggja opinn fund á vegum Fáks með frambjóðendum framboða til borgarstjórnarkosninga 2022. Hugmyndin er að vera með framsögumenn sem myndu kynna svæðið og fyrir hvað Fákur stendur.

Fundi lauk 17:45

Fundargerð ritaði Einar Gíslason.